

Búðir

Athugasemdir og viðbætur.

Heimildarmaður: Bárður Sveinsson, Nökkvavogi 39, Reykjavík. Hann er fæddur að Hálsi í Eyrarsveit árið 1909 og átti þar heimili til 1932, en fluttist þá til Reykjavíkur.

Bárður las lýsingu Þorleifs Jóhannessonar í janúar 1978 og skráði smá viðbætur, sem hér fara á eftir. Einnig skráði Sigríður Jóhannsdóttir örlitlar athugasemdir eftir Bárði, og verða þær settar innan [].

[Líklega hefur hrafn verpt í Hrafnsholu (16), því að hann verpti oft þarna uppi í fellinu.]

Búðahamar (27) er framhald af Lönguklettum [sjá lýsingu Háls] og nyrztur í þeirri klettasasaröð eða streng. Upp og austur að röndinni frá Búðahamri, í átt að Flettum, eru nokkrir grösugir smáklettastallar, sem heita **Smágirðingar** (28).

[Bárði þykir réttara að segja, að Rífur (22) sé brekka eða **girðingur**, síður **girðing**.]

[Bárð minnir, að Þorkelshjallur (26) hafi verið kallaður **Þorgeirshjallur** (29), en vill þó ekki fullyrða það. Ekkert hafði hann heyrt um tildrög nafnsins.]

Örnefnastofnun, 31. jan. 1978,

Sigríður Jóhannsdóttir.

[sign.]

Stafrófsskrá örnefna

Búðahamar 27

Smágirðingar 28

Þorgeirshjallur 29=26